

227. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

var haldinn þriðjudaginn 15. 1. 2013. kl.15.50 til 17.00 hjá Orkustofnun Grensásvegi 9.

1. Setning fundarins, Guðni A. Jóhannesson, formaður bauð menn velkomna.
2. Fundargerð stjórnar frá 18. 12. 2012.
Afgreiðslu frestað.
3. Gestir boðaðir á fundinn:
Jón Ólafur Ólafsson, formaður Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur, Sigurður Guðmundsson, fulltrúi Iðnaðarmannafélagsins í stjórn Tækniskólans og Valdimar K. Jónsson, verkfræðingur og fyrrverandi varaformaður Lagnakerfamiðstöðvar Íslands.
4. Mættir á fundinn.
Guðni Jóhannesson, Benedikt Jónsson, Kristján Kristjánsson, Þór Gunnarsson og Kristján Ottósson, Valdimar K. Jónsson, Sigurður Guðmundsson.
Forföll: v/veikinda Jón Ólafur Ólafsson.
5. Gögn sem lágu fyrir fundinum.
 - a) Samningur á milli Lagnakerfastöðvar og Tækniskólans.
 - b) Fundargerð frá 3. Mars 2011.
 - c) Samningur á milli, Lagnakerfamiðstöðvar og Orkustofnun.
 - d) Yfirlýsing til þinglýsingar
 - e) Yfirlit um staðsetningu húss, frá Borgarverkfræðingi
 - f) Staðfest ljósrit af uppdrætti.
6. Eina málið á dagskrá var Lagnakerfamiðstöð Íslands, ástand og horfur með rekstur hússins og kennslutæki sem þar eru til staðar.
Nú eru liðin 3 ár frá því að Tækniskólinn tók við rekstri Lagnakerfamiðstöðvar,

Guðni sagði frá því að hann hafi í dag hringt í Jón B. Stefánsson skólameistara, og spurt hann um fyrirætlanir um rekstur Lagnakerfamiðstöðvar. Jón hafi svarað því til að innan skamms tíma muni hann kalla saman Fagráðið, sem verið hefur í mótunn síðastliðin ár.

Sigurður sagðist ekkert hafa vitað um þetta vandamál með Lagnakerfamiðstöðina fyrr en það kom upp á fundi hjá Iðnaðarmannafélaginu fyrir fjórum dögum síðan. Sigurður ræddi ýmsar hliðar á málinu og kom með hugmyndir um rekstrarfyrirkomulag, og hvaða sambönd þyrfti að virkja í því sambandi.

Kristján Ottósson sagðist hafa boðið skólameisturum Tækniskólans að halda áfram að byggja upp lagnakerfin í Stöðinni, með þeim tengiliðum, hönnuðum og iðnaðarmönnum, sem hafa verið og voru virkir í uppbygginarstarfinu, og öll vinna var og yrði gefins. Þessu tilboði var hafnað af Skólameisturum Tækniskólans.

Þeir báðu hinsvegar um nöfn á hönnunarteyminu, sem þeir fengu, en hafa aldrei kallað til. Gefendur tækja og lagnaefna í Lagnakerfamiðstöð, sögðu að þeir endurnýji „Skipti út“ öllum tækjum til endurnýjunar, Lagnakerfamiðstöð að kosnaðarlausu.

Valdimar sagði að það væri til skammar hvernig staðið hefur verið að rekstri Lagnakerfamiðstöðvar alveg frá upphafi þess tíma sem Háskólinn í Reykjavík tók við rekstri hennar 2007 fram til dagsins í dag. Ef þetta héldi svona áfram kæmi að því að rándýr tæki sem væru þar ónotuð mundu úreldast.

Kristján Kristjánsson ræddi um húsnæðismál Iðunnar og hugsanlegt samspil við stöðina. Það er dýrt að lagfæra það sem er bilað í stöðinni og einnig að lagfæra hana að utan. Það má reikna með að kostnaður við það verði yfir 30.000.000- kr. og fer hækkandi, þar sem viðhaldi hefur ekki verið sinnt sem skildi. Húsið er lekt og ekki hefur verið gert við skemmdir sem urðu við innbrot í stöðinna.

Í umræðum kom þó fram að ef Iðan gæti nýtt húsnæðið til sinnar starfsemi paraðist verulegur húsnæðiskostnaður sem gæti gengið upp í hugsanlegan framkvæmdakostnað. Menn munu áfram íhuga hugsanleg viðskiptamódel sem gætu gagnast Iðunni um leið og markmiðum Lagnakerfamiðstöðvarinnar væri náð eins langt og mögulegt er talið.

Niðurstaða fundarins, Sigurði falið að fylgja því eftir að Tækniskólinn geri eitthvað í málinu og einnig ætlar stjórnin að bíða og sjá til hvað kæmi út úr Fagráðinu sem kemur vonandi saman fljótlega. Hugmyndir um aðkomu Iðunnar verði kannaðar áfram.

Fundarritari

Kristján Ottósson